# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**176. fundur** Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **8. apríl 2010 kl. 16:30** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

**Dagskrá :**

**1.** Erindi Þorvaldar Böðvarssonar f.h. Sveitar ehf.
**2.** Erindi frá Kvæðamannafélaginu Iðunni.
**3.** Erindi Jóhannesar Kristóferssonar.
**4.** Málefni Barkarstaðaskóga ehf.
**5.** Erindi Gunnars Þorvaldssonar.

**Tekið á dagskrá**

**6.** Erindi Jakobs Hermannssonar.
**7.** Erindi frá Bjarna Þór Einarssyni f.h. Fasteigna ríkisjóðs.
**8.** Erindi frá sveitarstjóra.

## Afgreiðslur:

1. Þorvaldur Böðvarssonar kt.240746-2120 f.h. Sveitar ehf. kt. 580609-0660 sækir um byggingarleyfi fyrir verkfæra/geymsluskúr á jörð sinni Grund Lnr.205429, sbr. m.f. teikningar A101 dags.25.03.2010 frá Mannvit verkfræðistofu kt. 430572-0169. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.
2. Steindór Andersen kt. 020954-5749 f.h.Kvæðamannafélagsins Iðunnar kt.5604710179 óskar eftir leyfi til reisa minnisvarða úr steini ásamt upplýsingaskilti um skáldið Guðmund Bergþórsson (1657-1705) við Vatnsnesveg í landi Stapa Lnr.144511, sbr. m.f. loftmynd. Fyrir liggur samþykki landeiganda. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um jákvæð meðmæli skipulagsstofnunnar og Vegagerðarinnar.
3. Jóhannes Kristófersson kt. 040631-4299 óskar eftir leyfi til að rífa fjós mhl 03, fnr.213-3018 á jörð sinni Finnmörk lnr.144071. Ráðið samþykkir erindið og bendir á að úrgangi skal fargað á löglegan hátt. Vakin er athygli á að aðeins er heimilt að rífa hús sem eru án veðbanda.
4. Málefni Barkarstaðaskóga ehf. kt.601101-3430. Að fenginni ábendingu starfsmanns Jarðaskrifstofu Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins samþykkir skipulags- og umhverfisráð fyrir sitt leyti landskipti á 123,32 hektara spildu sem fengið hefur landnúmerið 218210 út úr jörðinni Barkarstaðaseli landnúmer 144061. Spildan er skv. uppdrætti sem staðfestur er af byggingarfulltrúa samansett úr 2 spildum sem skipt er út samtímis og settar eru undir eitt landnúmer, þ.e. lóð við hús sem er 0,23 hektarar og úthagi sem er 123,09 hektarar, spildan er því samtals 123,32 hektarar eins og að framan greinir.
5. **A)** Gunnar Þorvaldsson kt.120255-0029 og Gréta B. Jósefsdóttir kt.210255-5759 óska eftir leyfi til brottflutnings á sumarhúsi fnr.221-4020 frá Litla-Ósi Lnr.144488 að Neðra-Núpi í Miðfirði. Ráðið samþykkir erindið.
   **B)** Óska einnig eftir leyfi til að rífa geymslu fnr.222-0267 mhl.03 á jörð sinni Litla-Ósi. Ráðið samþykkir erindið og bendir á að úrgangi skal fargað á löglegan hátt. Vakin er athygli á að aðeins er heimilt að rífa hús sem eru án veðbanda.

**Tekið á Dagskrá.**

6. Jakob Hermannsson kt. 051066-4219 sækir um byggingarleyfi fyrir sumarhús /ferðaþjónustuhús á lóðinni Þorfinnsstaðir lnr.144592, skv. teikningum A101, A102 og A103 dags.21.03.2010 frá Guðmundi Jónssyni byggingafræðingi kt. 041260-4839. Erindinu frestað og ákveðið að kalla eftir frekari upplýsingum.
7. Bjarni Þór Einarsson f.h. Fasteigna ríkissjóðs kt.690981-0259 sækir um byggingarleyfi til að breyta húseigninni að Spítalastíg 1-3 á Hvammstanga, sbr. m.f. teikningar nr. SP30121, SP30122 og SP30123 dags. 07.04.2010 frá Ráðbarði sf. kt.431078-1399, um er að ræða annars vegar stækkun vörumóttöku í kjallara og hins vegar yfirbyggingu yfir svalir á 2. hæð. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.
8. Sveitarstjóri Húnaþings vestra óskar eftir umsögn ráðsins um frumvarp til skipulagslaga, frumvarp til laga um mannvirki og frumvarp til laga um brunavarnir. Ráðið gerir ekki athugasemdir við frumvörpin.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl: 18:25.

Guðmundur St. Sigurðsson(sign).
Jóhannes Erlendsson(sign).
Erla Björg Kristinsdóttir(sign).
Víglundur Gunnþórsson(sign).
Halldór Sigfússon(sign.).
Ólafur H. Stefánsson forstöðumaður tæknideildar(sign).
Benjamín Kristinsson byggingafulltrúi(sign).